Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 22. mars 2021
USK2021020007
6.10.0

Borgarráð

***Endurgerð opinna leiksvæða 2021.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurgerðar opinna leiksvæða 2021. Kostnaðaráætlun 2 er 120 m.kr.

Greinargerð:
Um er að ræða endurgerð leiksvæða á 7 stöðum í borginni: Víðihlíð og Grænuhlíð (leiksvæði), Ljósheimar (þemavöllur), Vesturás, Þverás, Deildarás og Kleifarvegur (andrými).
Endurgerðin felur í sér landmótun, endurnýjun gróðurbeða, leiktækja og yfirborðsefna eftir þörfum. Áhersla er á öryggismál s.s. fallvarnarefni, bætta lýsingu og aðgengi fyrir alla. Endurgerðin tekur mið af leiksvæðastefnu Reykjavíkurborgar og unnið er með hugmyndafræði snjallvæðingar.
Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðarstaður: 3108 (45 m.kr.) og 7102 (75 m.kr.).
Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda 2021: 120 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
- Kynning

# OPIN LEIKSVÆÐI

ENDURGERÐ LEIKSVÆÐA 2021

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

# LÝSING Á FRAMKVÆMD

Á þessu ári verða opin leiksvæði endurgerð á sjö stöðum í borginni. Unnið er eftir leiksvæðastefnu borgarinnar sem byggir á því að leiksvæðin hafi mismunandi tilgang og er skipt í þrjá flokka þ.e. svokölluð andrými, hefðbundna leikvelli og þemavelli.

Sérstaklega er hugað að aðgengi fyrir alla m.a. með því að skipta út yfirborðsefni og setja rampa.

Gróður á leiksvæðum er valin m.t.t. líffræðilegs fjölbreytileika.

# LÝSING Á FRAMKVÆMD

- Í Víðihlíð og Grænuhlíð verða útbúin hefðbundin leiksvæði þar sem skipt verður um yfirborðsefni, sett upp ný leiktæki auk gróðursetningar og landmótunar.
- Í Ljósheimum verður gerður þemavöllur/hverfisvöllur með tilheyrandi landmótun, nýjum yfirborðsefnum, leiktækjum, gróðursetningu og hellulögn. Þema vallarins er fuglar.
- Í Vesturási, Þverási, Deildarási og við Kleifarveg verða útbúin andrými. Um er að ræða landmótun, gróðursetningu, hellulögn og bekki.

# OPIÐ LEIKSVÆÐI Í VÍÐIHLÍÐ



# OPIÐ LEIKSVÆÐI Í GRÆNUHLÍÐ



# OPIÐ LEIKSVÆÐI Í LJÓSHEIMUM

## Ljósheimar - Þemavöllur/Hverfisgarður






# OPIÐ LEIKSVÆÐI Í VESTURÁSI

Vesturás - Andrými






# OPIÐ LEIKSVÆÐI Í ÞVERÁSI

## Þverás - Andrými












# OPIÐ LEIKSVÆÐI Í DEILDARÁSI

## Deildarás - Andrými












# OPIÐ LEIKSVÆÐI VIÐ KLEIFARVEG

Kleifarvegur - Andrými






# KOSTNAÐUR OG VERKTÍMI

Áætlaður heildarkostnaður er 120 MKR.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í maí og að þeim ljúki í nóvember á þessu ári.



# TAKK FYRIR